

Portúgal: Um 2% landsmanna hafa flutt af landi brott vegna kreppunnar

Eftir

Rúmlega 2% íbúa Portúgals hafa flutt úr landi á síðustu tveimur árum eða frá því að fjármálakreppan birtist landsmönnum af fullum þunga. José Cesario, ráðherra málefna brottfluttra, segir að nærri 240.000 manns hafi yfirgefið Portúgal síðan 2011.

Flestir hinar brottfluttu eru hámenntaðir og hafa margir sest að í Sviss eða Angólu, fyrrverandi nýlendu Portúgala þar sem fundist hefur mikið magn olú. Cesario segir að fleiri hefðu vafalaust flutt úr landi ef atvinnumál hefðu ekki almennt versnað í Evrópu.

Í frétt BBC er minnt á að Portúgalir hafi löngum sótt úr landi sínu og sest að í fjarlægum löndum. Þetta hafi hins vegar snúist við á títunda áratugnum þegar brottfluttir sneru aftur heim og brottfluttum fækkaði mikið enda hafi efnahagur Portúgala staðið í blóma.

Á sjöunda áratugnum héldu Portúgalir einkum til Frakklands en nú velja þeir frekar Sviss í Evrópu. Þar eru Portúgalir fjölmennasti hópur útlendinga. Þá hafa þeir einnig mikinn áhuga á að reyna fyrir sér í Angóla. Árið 2012 héldu á milli 25.000 og 30.000 Portúgalir til Angóla. Fleiri en árið áður.